

Til aðildarfélaga BSRB

Rv. 23. júní 2006

Efni: fréttir af störfum réttindanefndar BSRB

Til að upplýsa aðildarfélög BSRB um helstu verkefni sem eru á dagskrá réttindanefndar BSRB hefur verið venja að senda reglulega fréttir af störfum nefndarinnar. Starf nefndarinnar í vetur hefur verið fjölbreytt en hér á eftir verða helstu málin reifuð.

1. Hlutfélagafrumvörp

Fjöldmörg frumvörp þar sem stefnt er að því að breyta rekstrarformi ríkisstofnana í hlutfélög hafa komið til umsagnar BSRB og hafa frumvörpin verið fastur liður á dagskrá réttindanefndar. Ítarlega var rætt um frumvarp til laga um RÚV hf, Matvælarannsóknir hf, Rarik hf, Landhelgisgæslan og flugmálastjórn og áhrif frumvarpanna á réttindi starfsmanna.

2. Umsagnir um önnur frumvörp

Ekki er hægt að telja upp öll þau frumvörp sem BSRB hefur veitt umsagnir um en þau helstu sem réttindanefnd hefur fjallað um eru t.d. frumvarp um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, greiðslur til foreldra langveikra barna, upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, lög um réttindi og skyldur og opinber hlutfélög. Varðandi upplýsingar og samráð þá eru stofnanir sem hafa með stjórnslu að gera undanskilin frumvarpinu. Í umsögn BSRB var undirstrikað mikilvægi þess að undanskilja ekki þessar stofnanir en með því væri stór hluti opinberra starfsmanna undanskilinn réttinum á upplýsingum og samráði samkvæmt frumvarpinu. Frumvarpið varð ekki að lögum á síðasta þingi.

3. Samningar um réttindamál við SFH

Fjöldmargir fundir voru haldnir með fulltrúum Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og fulltrúum BHM til þess að ná heildstæðum samningum um réttindamál starfsmanna samtakanna. Fyrstu tillögur SFH lutu að auglýsingaskyldu samtakanna og ósk þeirra um að takmarka hana að einhverju leyti. Ekki hefur verið fundað frá því að starfsmenn samtakanna voru í setuverkfalli til þess að knýja fram betri kjör.

4. Endurskoðun laga um starfsmenn í hlutastörfum

Komið er að því að endurskoða ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga um starfsmenn í hlutastörfum en samkvæmt ákvæðinu eru starfsmenn sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímakaup undanþegnir gildissviði laganna. Boðað var til fundar af félagsmálaráðuneytinu þann 26. janúar sl. til að fara yfir þessi mál ásamt helstu aðilum vinnumarkaðarins og var meginefni fundarins að ræða hvort hlutlægar ástæður væru enn fyrir því að tímavinnustarfsmenn væru undanskildir gildissviði laganna. Umræður á fundi ráðuneytisins voru á sömu nótum og fyrir tveimur árum, þ.e. fulltrúar atvinnurekenda töldu hlutlægar ástæður vera fyrir því að undanskilja tímavinnustarfsmenn en fulltrúar launamanna töldu hið gagnstæða. Voru aðilar beðnir um að senda inn greinargerð um málið. Í framhaldi af fundinum var óskað eftir því við nefndarmenn í réttindanefnd, sem og öll aðildarfélög BSRB, að senda skrifstofu BSRB nokkrar línur um reynslu þeirra af ákvæðinu sl. 2 ár. Á grundvelli þeirra svara var það tillaga BSRB í greinargerð til ráðuneytisins að fella alla tímavinnustarfsmenn undir gildissvið hlutastarfsmannalaganna. Staðan í dag er sú að ekki hefur verið boðað til fundar hjá félagsmálaráðuneytinu eftir að aðilar vinnumarkaðarins sendu inn sitt álit.

5. Réttur til greiðslu lífeyris af eingreiðslu

SFR óskaði eftir því að réttindanefnd tæki að sér að skoða rétt lífeyrisþega til eingreiðslu samkvæmt bókun 5 í kjarasamningi félagsins sem og 26 þúsund króna eingreiðslunnar sem greidd var 1. desember 2005 vegna endurskoðunarákvæðis kjarasamninga. Þá er ekki greitt af eingreiðslu í samningum sveitarfélaga við LN í lífeyrissjóð. Rætt var við fulltrúa BHM og KÍ um að fara sameiginlega yfir málið og taka það upp í næstu samningaviðræðum og hafa þetta áfram á dagskrá réttindanefndar.

6. Málþing um málefni vaktavinnustarfsmanna

Réttindanefnd var bakhópur fulltrúa BSRB í skipulagningu málþings um málefni vaktavinnustarfsmanna sem haldið var 17. mars sl. á Hótel Sögu. Á málþinginu var farið yfir fyrstu niðurstöður í rýnihópavinnu Rannsóknastofu í vinnuvernd fyrir starfshóp um endurskoðun á málefnum vaktavinnustarfsmanna. Endanleg skýrsla kom út í síðasta mánuði og var henni dreift til allra aðildarfélaga BSRB. Staðan í dag er sú að ákveðið hefur verið að fara í stóra könnun með 800 manna úrtaki sem nær til fyrirfram ákveðinna lykilstofnana þar sem vaktavinna skiptir miklu máli fyrir sólarhringsþjónustuna. Er það í samræmi við umræður og óskir sem komu fram á málþinginu. Verður sú könnun ásamt framangreindri skýrslu mikilvægt innlegg í vinnu starfshóps um endurskoðun á málefnum vaktavinnustarfsmanna.

7. Staðgreiðsla skatta af greiðslum styrktarsjóða félaga innan BSRB

Réttindanefnd fékk til umfjöllunar erindi þar sem óskað var eftir álit nefndarinnar á því hvort staðgreiða ætti skatta af greiðslum styrktarsjóða innan BSRB. Á fundi sem haldinn var með ríkisskattstjóra um málefnið staðfesti hann að taka ætti staðgreiðslu af greiðslum. Til að breyta því þyrfti að breyta skattalögum.

8. Skattlagning einkennisfatnaðar

Samkvæmt skattmati Ríkisskattstjóra fyrir árið 2006 var tekið tillit til óska BSRB varðandi skattlagningu einkennisfatnaðar. Skattmatið nær hins vegar ekki til tekjuársins 2005 og er ekki afturvirk. Var því málið tekið upp á fundi með ríkisskattstjóra. Réttindanefnd hefur rætt það á fundum sínum að fara kæruleiðina þegar álagning fyrir tekjuárið 2005 liggur fyrir.

9. Erindi BSRB varðandi Fasteignamat ríkisins til Persónuverndar

Fyrir áramót sendi BSRB erindi til Persónuverndar vegna Fasteignamats ríkisins (FMR). Vegna þessa sendi Persónuvernd bréf til Fasteignamats ríkisins sem svar við erindi BSRB þar sem FMR er veitt leiðsögn í samræmi við 5. tl. 3. mgr. 37. gr. Persónuverndarlaga með hliðsjón af lögum og reglum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Réttindanefnd fór ítarlega yfir bréf FMR og fól Ernu Guðmundsdóttur að gera samantekt upp úr bréfinu sem var svo send til allra aðildarfélaga BSRB þar sem hér er um að ræða mikilvægt mál sem snertir friðhelgi einkalífs starfsmanna og því nauðsynlegt að allir séu vakandi yfir þessu.

10. Félagsdómur, ASÍ gegn FOSA

Stjórn BSRB vísaði nýföllnum félagsdómi í máli ASÍ f.h. Starfsgreinasambands Íslands, vegna AFLS, starfsgreinafélags Austurlands vegna X gegn Fjarðabyggð og FOSA til réttindanefndar og framkvæmdanefndar BSRB. Eins og kunnugt er tapaði FOSA málinu og var viðurkennt að AFL færi með samningsaðild fyrir X við gerð kjarasamnings við Fjarðabyggð vegna starfa hans sem tækjamanns og að um laun og kjör hans fari samkvæmt kjarasamningi LN og Starfsgreinasambands Íslands. Mál þetta er áfram á dagskrá þessara tveggja nefnda en FOSA hefur borist annað erindi þar sem gerð er krafa um að AFL fari með samningsaðild á grundvelli dómsins fyrir annan einstakling sem er félagsmaður FOSA.

11. Starfshópur um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði

Stofnaður hefur verið starfshópur á vegum félagsmálaráðherra um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og er réttindanefndin bakhópur fulltrúa BSRB í nefndinni Starfshópurinn hefur ekki komið saman en hins vegar hafa ASÍ, BSRB og BHM hafið undirbúning fyrir það starf með sameiginlegum fundum sín í milli þar sem farið er yfir stöðuna, hvaða úrlausnarefni blasa við nefndinni og hvað sé líklegast til árangurs.

12. Samningur um fjarvinnu

ETUC og UNICE sem eru heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins í Evrópu sömdu um réttindi starfsmanna sem eru starfandi í fjarvinnu og ber að innleiða þennan samning annað hvort með kjarasamningi eða lögum hér á landi. ASÍ og SA hafa þegar gengið frá kjarasamningi og er hann efnislega hinn sami og upphaflegi samningurinn milli ETUC og UNICE. BSRB hefur óskað eftir

Því við fjármálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og LN að fara í viðræður um innleiðingu á tilskipuninni.

13. Erindi frá PFÍ

Tvö erindi bárust frá PFÍ. Fyrra erindið fjallar um rétt tímavinnustarfsmanna hjá Íslandspósti til launa í veikindum og ávinnslu starfsaldurs en ágreiningur er á milli félagsins og Íslandspósts um réttindi þeirra. Annars vegar er um að ræða starfsmann sem vann fast alla daga vikunnar, ca. 2 tíma á dag og hins vegar starfsmann sem vann fast á þriðjudögum og fimmtudögum 4 tíma í senn. Almenna skilyrðið samkvæmt rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla nr. 19/1979 lögnum til að eiga rétt á greiðslu launa í veikindum er að það sé ráðningarsamningur milli launamanns og atvinnurekanda. Ekki er skilyrði að um fullt starf sé að ræða. Er það álit réttindanefndar að starfsmenn sem eru lausráðnir eða á tímavinnukaupi eigi sama rétt til greiðslna í veikindum og aðrir starfsmenn ef þeir hafa áunnið sér veikindarétt samkvæmt kjarasamningi og eru veikir þá daga eða á því tímabili sem ákveðið hafði verið að þeir störfuðu hjá atvinnurekanda. Til stuðnings álitu réttindanefndar þá vísaði nefndin í 4. gr. laga um réttindi hlutastarfsmanna nr. 10/2004, að „starfsmenn í hlutastörfum skulu ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeirri ástæðu einni að þeir eru ekki í fullu starfi, nema slíkt sé réttlætjanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.“ Samkvæmt a. lið 1. mgr. 3. gr. laganna telst starfsmaður í hlutastarfi ef venjulegur vinnutími hans á viku eða að meðaltali miðað við heilt ár er styttri en sambærilegs starfsmanns í fullu starfi. Í þeim tilvikum sem um ræðir voru starfsmennirnir reglubundið að vinna ákveðinn fjölda tíma á viku á fyrirfram ákveðnum dögum og því fast skipulag hvenær starfsmaðurinn á að vinna og hvenær hann er í frí. Samkvæmt því ættu tímavinnustarfsmenn hlutfallslega rétt til launa í veikindum fyrir þá tíma sem ákveðið hafði verið að þeir ynnu eins og aðrir starfsmenn Íslandspósts. Í bréfi félagsins var jafnframt óskað eftir álitu nefndarinnar á réttindum tímavinnustarfsmanna til starfsaldurs. Í kjarasamningsákvæði 1.2.2. í samningi félagsins er skýrt tekið fram að minna starfshlutfall en 25% reiknast ekki til starfsaldurs. Hins vegar leggur réttindanefnd til að farið verði yfir réttarstöðu tímavinnustarfsmanna hjá Íslandspósti með það í huga að tryggja að þeir njóta ekki hlutfallslega lakari kjara en aðrir starfsmenn.

Seinna erindið fjallar um rétt starfsmanns til greiðslu kostnaðar og réttar til veikinda vegna slyss sem varð er starfsmaður Íslandspósts féll á leikskólalóð þegar hann var að fara með barn sitt til vinnu. Íslandspóstur kaupir atvinnuslysastryggingu fyrir starfsmenn sína samkvæmt ákvæðum kjarasamnings við Póstmannafélag Íslands. Tryggingin gildir að jafnaði vegna slysa á vinnustað og á beinni leið til eða frá vinnu. Að mati réttindanefndar BSRB telst það til eðlilegrar leiðar frá heimili að vinnustað að fylgja barni sínu í leikskólann. Um séu að ræða venjubundnar ráðstafanir starfsmanns sem falli undir skilgreiningu á því hvað teljist til eðlilegrar leiðar til eða frá vinnu. Þetta geri starfsmaðurinn á hverjum degi. Með svo þröngri túlkun að líta svo á að það sé ekki eðlileg leið til og frá vinnu að fara með barn í leikskóla og sækja það að loknum vinnudegi er verið að takmarka tryggingarskyldu fyrirtækisins skv. kjarasamningsákvæði 7.1 gagnvart starfsmönnum sínum svo um munar. Nauðsynlegt er að túlka beri ákvæði samkvæmt orðanna hljóðan og samkvæmt eðli málsins. Það taki til slysa á raunverulegri og nauðsynlegri leið til og

frá vinnu, þ.e. leið sem ekki er farin í öðrum tilgangi en þeim, enda teljist val á leiðini hafa verið forsvaranlegt og eðlilegt miðað við aðstæður í hverju tilviki.

14. Erindi frá SLFÍ

SLFÍ hefur óskað eftir umræðu hjá réttindanefnd um veikindaréttarákvæði kjarasamninga vegna vinnuslysa og hver framkvæmdin væri á veikindarétti þegar ráðningarsamningur starfsmanns sem lendir í vinnuslysi, og er enn veikur vegna þess, er runninn út.

Með kveðju,

Erna Guðmundsdóttir, hdl.